

Framkvæmdanefnd um norrænan skjaladag og undirbúningsstarfið

Norrænan skjaladag árið 2004 bar upp á laugardaginn 13. nóvember. Ekki var sameiginlegt norrænt þema heldur var það í höndum hvarrar þjóðar að ákveða hvað gera skyldi. Nefndin sem starfaði á síðasta ári hóf undirbúning skjaladags á vormánuðum ársins 2004. Eitt fyrsta verk hennar var að senda hugmyndir að sameiginlegu þema á póstlista skjalasafnanna og spyrja starfsmenn skjalasafnanna áhlits á þeim.

Niðurstöðurnar voru kynntar á fundi skjalavarða í maí 2004 á Ísafirði. Efst í fyrsta og öðru sæti voru hugmyndirnar um söfnun ljósmynda og ár í sögu sveitarfélags/þjóðar. Ljósmyndasöfnun fékk fleiri atkvæði í fyrsta sæti en vegna þeirra anmarka að allmörg skjalasöfn safna ekki myndum var nefndinni falið að vinna að hugmyndinni *ár í sögu byggðar*. Nefndin fékk því endurnýjað umboð til starfa. Í eru:

Eiríkur G. Guðmundsson, ÞÍ
Jón Torfason, ÞÍ
Sólveig Magnúsdóttir, Mosfellsbæ
Svanhildur Bogadóttir, Borgarskjalasafni

Jóna G. Torfadóttir skjalavörður í Borgarnesi var í nefndinni, en hún lét af störfum áður en nefndin hóf störf á árinu. Hún starfaði ötulega í nefndinni í fyrra og á þakkir skyldar. Benedikt Jónsson vefumsjónarmaður ÞÍ vann náð með nefndinni að þessu sinni enda mikið lagt upp úr vef skjaladagsins nú. Hann vann jafnframt við gerð þessarar skýrslu eins og sjá má. Benedikt er því drjúgur liðsmaður skjaladags og á þakkir skyldar fyrir starf sitt.

Nefndin hittist nokkrum sinnum á árinu og undirbjó framkvæmd skjaladagsins með svipuðum hætti og í fyrra.

Nefndin ákvað að árið 1974 yrði þema ársins. Það mátti útfæra með ólíkum hætti eftir aðstæðum á hverjum stað. Nefndin hvatti til þess að öll skjalasöfnin tækju með einhverjum hætti þátt í deginum og benti á nokkrar leiðir eða hugmyndir í því sambandi með dreifibréfi í júní.

Ástæða þess að árið 1974 var valið er einkum sú að velja ár sem margir myndu eftir og væri eftirminnilegt. Þá var það auk þess í huga að skilaskyldan miðast við 30 ár og gaf það kost á að nálgast viðfangsefnið úr þeirri átt.

Annars lagði nefndin einkum krafta sína í eftirfarandi sameiginleg mál:

1. Sameiginlegan vef, á léninu skjaladagur.is, þar sem öll söfnin verði með:
 - a) lágmarksupplýsingar um safnið (eins og síðast),
 - b) efni um árið 1974 (myndir af skjölum, umfjöllun af einhverju tagi eftir því hvað safnið leggur áherslu á).
2. Sameiginlegt plakat.
3. Sameiginlegar kynningar í fjölmiðlum upp að vissu marki.

Plakat.

Ólafur Engilbertsson hönnuður var fenginn til að hanna plakatið. Voru honum fengnar í hendur nokkrar myndir af skjölum frá árinu 1974 og þeir textar sem nefndin vildi að væru á plakatinu. Hann skilaði tillögu fljótlega. Nefndin gerði nokkrar smávægilegar athugasemdir sem hann tók mið af við lokagerð plakatsins. Prentuð voru 500 eintök. Öllum skjalasöfnum voru send eintök til að auglýsa skjaladaginn (sjá fylgiskjal 7).

Vefur. Nefndin lagði einna mesta vinnu í gerð skjaladagsvefjarins. Það var nokkuð ljóst að mörg söfn töldu sig ekki geta lagt jafn mikla vinnu í skjaladaginn og árið áður. Þjóðskjalasafn ætlaði t.d. ekki að vera með sérstaka dagskrá eins og 2003. Það var því ákveðið að gera vefinn vel úr garði. Það nýmæli að hafa getraun með verðlaunum í boði var hugsað til að auka umferð inn á vefinn og um hann. Svára við spurningum getraunarinnar var að leita á síðum vefjarins. Eiríkur samdi spurningarnar í getrauninni en Jón Viðar Þorsteinsson forritaði vefbirtinguna og gagnvirkina. Getraunin tókst vel og nærri hundrað þátttakendur náðu að svára öllum spurningum rétt og senda svar í pott þann sem dregið var úr. Hægt var að svára getrauninni fram til 1. desember. Það hélt talsverðu lífi í vefnum. Annars má segja að vefur skjaladagsins hafi slegið í gegn að þessu sinni. Heimsóknir á hann og flettingar voru langtum fleiri en undaneginn ár.

Alls voru 15.005 flettingar í nóvember 2004 miðað við 4150 árið 2003 og 650 árið 2002 (sjá nánar samantekt BJ í fylgiskjali 2). Ástæður þess að svo miklu meiri sókn er á vefinn í ár eru ekki alveg ljósar. Auglýsingar voru með mjög líkum hætti og í fyrra. Þó voru útvarpsauglýsingar nú laugardaginn 13. nóvember meira hugsaðar til að vekja athygli á vefnum en í fyrra. Langflestir gestir komu á vefinn frá vef Morgunblaðsins. Benedikt Jónsson annaðist alla vefhönnun í samráði við nefndina. Útlit byggði á útliti plakatsins eins og annað kynningarefni.

Aðgerðalisti og kynningarmál. Nefndin ákvað að vinna eftir svipaðri áætlun og árið 2003. Það skipulag hafði reynst vel. Ágætlega tókst að ná athygli fjölmiðla þótt sjónvarp og útvarp sýndu okkur minni áhuga nú en í fyrra. Þá skipti sköpum að ÞÍ hafði fjölmiðlamann til að vinna sérstaklega í fjölmiðlasamskiptunum, skrifa greinar og kynningarefni. Svigrúm til þess var minna nú þótt sami maður hafi aðstoða við skrif greinar sem Eiríkur gekk frá og var birt í Lesbók Morgunblaðsins.

Svanhildi borgarskjalaverði tókst reyndar vel að koma skjaladeginum og skjalasafni sínu á framfæri í fjölmiðlum.

Á skjaladegi 13. nóvember 2004

Ágætlega viðraði á skjaladaginum að þessu sinni.

Þjóðskjalasafn Íslands opnaði kl 11 sýningu í lestrarsal safnsins á Laugavegi 162 á skjölum er tengjast þjóðhátíðinni, skjalagjöf Norðmanna og opnun hringvegarins. Borgarskjalasafn Reykjavíkur sýndi í Kringlunni skjöl tengd jólunum 1974, m.a. jólakort. Að þessu sinni var engin leiðsögn eða vöktun sýningarkassa. En Kringlan tók að sér öryggisgæslu. Héraðsskjalasafn Kópavogs, Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, Héraðsskjalasafn Ísfirðinga, Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu, Héraðsskjalasafn Siglufjarðar, Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Héraðsskjalasafnið á Akureyri, Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga og Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja voru öll með sýningar er tengdust árinu 1974 með einum eða öðrum hætti í salarkynnum sínum eða á heimasíðu skjaladagsins; www.skjaladagur.is.

Vinningshafar í getrauninni

Hinn 1. desember 2004 var dregið úr réttum svörum sem bárust við getrauninni á vefnum skjaladagur.is og komu eftirfarandi nöfn upp:

1. **Daníel Björnsson**, Múlavegi 41, 710 Seyðisfjörður.

Verðlaun: Íslenski hesturinn. Meginhöfundur: Hjalti Jón Sveinsson, verðmæti: 16.990 kr.

2. **Ólafur Gunnarsson**, Baughúsum 24, 112 Reykjavík.
Verðlaun: Íslenska bílaöldin. Höfundar: Ingibergur Bjarnason og Örn Sigurðsson, verðmæti: 9.900 kr.
3. **Jón Tryggvi Sveinsson**, Sundstæti 41, 400 Ísafjörður.
Verðlaun: Um víðerni Snæfells. Höfundur: Guðmundur Páll Ólafsson, verðmæti: 4.490 kr.
4. **Haflíði Ingason**, Lundarbrekku 10, 200 Kópavogur.
Verðlaun: Sögustaðir Íslands. Höfundur: Örn Sigurðsson, verðmæti: 2.900 kr.
5. **Eyrún Baldursdóttir**, Borgarbraut 37, 310 Borgarnes.
Verðlaun: Sögustaðir Íslands. Höfundur: Örn Sigurðsson, verðmæti: 2.900 kr.

Matsblað sent út til þátttökusafna

Nefndin sendi eins og í fyrra til skjalasafna blað til að meta skjaladaginn og safna upplýsingum um daginn. Svör bárust frá 8 aðilum af þeim 12 sem tóku þátt í skjaladeginum og einum að auki. Önnur skjalasöfn svöruðu ekki. Sjá nánar fylgiskjal 1.

Næsti skjaladagur

Árið 2005 verður sameiginlegt norrænt þema. Fyrir rúmu ári var rætt um þemað „Sams og usams i Norden“ en ekki hefur verið haldinn norrænn fundur um næsta skjaladag þegar þetta er skrifað. Fregnir eru að hugmyndinni „identitet“ sem gæti höfðað til margra. En ekki er hægt að fjalla nánar um skjaladaginn 2005 hér. Það er ljóst að ætli menn að gera skjaladaginn, Arkivernes Dag að öflugu kynningarstarfi, þarf að hafa meiri festu í hinu norræna samstarfi.

Samstarfið í framkvæmdanefndinni hefur gegnið mjög vel að mati undirritaðs og þakka ég samstarfsfólki mínu fyrir gott starf. Sömuleiðis flyt ég þakkir nefndarinnar til starfsmanna héraðsskjalasafnanna fyrir samstarfið. Allir aðrir sem lögðu deginum lið með vinnu sinni eða ráðleggingum eiga skyldar bestu þakkir aðstandenda þessa kynningarstarfs.

Fyrir hönd nefndar um norrænan skjaladag

Eiríkur G. Guðmundsson

Fylgiskjöl:

1. Matskýrsla um skjaladag
2. Aðsókn á vef skjaladagsins
3. Aðsendar myndir frá skjaladegi.
4. Myndir frá afhendingu verðlauna
5. Sýnishorn viðurkenningar fyrir þátttöku í getraun skjaladagsins.
6. Sýnishorn greina sem birtust í blöðum.
7. Sýnishorn af veggspjaldi skjaladagsins

Fylgiskjal 1

Norrænn skjaladagur 13. nóvember 2004

Mat á kynningu og aðsókn

Alls tóku 12 skjalasöfn þátt í norræna skjaladeginum, einu safni fleira en árið 2003. Þátttökuaðilar svöruðu útsendu spurningablaði um kynningu, aðsókn og fleiri atriði. Svör bárust frá 8 af þátttökuaðilum og einum sem ekki tók þátt. Hér á eftir er samantekt á svörum.

1. Tók safnið þátt í skjaladeginum?

Já = 8, Nei = 1

2. Var safnið með efni á skjaladagsvefnum?

Já = 8, Nei = 1

3. Var sett upp sérstök sýning í tilefni af deginum?

Já = 7, Nei = 2

4. a) Var safnið opið 13. nóvember?

Já = 6, Nei = 3

b) Voru veitingar handa gestum?

Já = 4, Nei = 1, Ekki svarað = 4

c) Hvað komu margir gestir?

Þjóðskjalasafn Íslands	15
Héraðsskjalasafn Kópavogs	150
Héraðsskjalasafn Ísafjarðar	60
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	25

Ekki bárust tölur frá öðrum söfnum.

d) Komu margir gestir sem ekki höfðu komið á safnið áður?

Já = 4, Nei = 2, Ekki svarað = 3

e) Lá gestabók frammi?

Já = 5, Nei = 1, Ekki svarað = 3

f) Skýringar á lítilli eða mikilli aðsókn

Ágæt aðsókn miðað við fyrri ár (1), sýnd kvikmynd sem tekin var 1974 í héraðinu (1), það skrá sig aldrei allir sem koma (1). Engin svör = 6.

5. a) Var dagurinn hjá þér kynntur/auglýstur í fjölmiðlum?

Já = 6, Nei = 2, Ekki svarað = 1

b) Hvaða fjölmiðlum?

Í Morgunblaðinu (4), RÚV (2), Fréttablaðinu (1), Helginni (1), staðarblöðum (4), á vefjum sveitarfélaga (3), á eigin vefjum (3).

c) Hversu mörg plaköt voru hengd upp í þínu nágrenni (sveitarfél./bæ)?

Þjóðskjalasafn Íslands	sjá næstu línu
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	60
Héraðsskjalasafn Kópavogs	30
Héraðsskjalasafn Ísafjarðar	6
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	3
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	20

Önnur skjalasöfn svöruðu ekki.

d) Önnur kynning

Vefauglýsing á mbl.is, auglýsingar í útvarpi (RÚV), Borgarskjalasafn stóð fyrir afar víðtækri kynningu sem náði m.a. til sendinga á ýmsa póstlista, kynninga, fréttatilkynninga og greinaskrifa. Þjóðskjalasafn stóð einnig að greinarskrifum á skjaladeginum. Þá voru kynningar á innrinetum, atburðadagatölum og vefsetrum sveitarfélaga og póstlistum þeim tengdum.

6. Hvernig nýttist þér starf undirbúningsnefndar?

Vel = 6, Sæmilega = 2, Ekkert = 0, Ekki svarað = 1

7. Hvernig fannst þér plakatið?

Gott = 9, Sæmilegt = 0, Lélegt = 0

8. a) Hvernig fannst þér vefurinn?

Góður = 9, Sæmilegur = 0, Lélegur = 0

b) Hversu ánægð(ur) varstu með að hafa getraun á vef skjaladagsins?

Afar ánægð (ur) = 6, Ánægður = 1, Hvorki né = 2, Óánægð(ur) = 0

9. Hvernig tókst skjaladagurinn?

Vel = 6, Sæmilega = 2, Ekki nógu vel = 0, Ekki svarað = 1

Betur en 2003 = 2, Svipað og 2003 = 2, Ekki eins vel og 2003 = 1,
Ekki svarað = 4

10. Tillögur að þema?

Börn, tómstundir, húsagerðir
Frá vöggu til grafar – vottorð einstaklinga
Ekkert svar = 7

11. Annað?

Vel tókst til, vefurinn var stórgóður, fleiri söfn hefðu mátt taka þátt, annir í Skagafirði (100 ára afmæli bókasafnsins), Héraðsskjalasafnið á Akureyri fékk afhent gögn frá Hestamannafélaginu Létti.

Samantekt

Rétt er að leggja áherslu á að tölfræði svaranna hér að framan er unnin upp úr innsendum matsblöðum þannig að sjónarmið þeirra sem ekki sendu inn matsblöð koma ekki fram.

Þátttaka í ár var svipuð og í fyrra, 12 skjalasöfn tóku þátt núna en 11 í fyrra.

Flestir eru sammála um að starf undirbúningsnefndarinnar hafi nýst vel. Nefndin lét gera plakat og vef sem hefur sérstakt lén. Hvort tveggja mæltist vel fyrir bæði hjá þeim sem svöruðu matsblaði vegna skjaladagsins og einnig öðrum sem tjáðu sig um þessi atriði. Flest þátttökusöfnin auglýstu skjaladaginn í blöðum eða ljósvakamiðlum. -. Þá voru ritaðar greinar, dreifibréf og tölvupóstur sendur víða og dagurinn kynntur með ýmsu öðru móti. Svo virðist sem þetta undirbúnings- og kynningarstarf hafi skilað ágætum árangri. Eins og áður hefur komið fram í þessari skýrslu var lögð sérstök áhersla á vef skjaladagsins að þessu sinni og verður ekki annað séð en að sú vinna hafi skilað árangri því að flettingar á vef hartnær fjórfölduðust frá síðasta ári, sjá nánar um aðsókn á vefinn á fylgiskjali2.

Flestir eru sammála um að almennt hafi tekist vel til með framkvæmd skjaladagsins 2004, a.m.k. svipað eða betur en á síðasta ári.

Þjóðskjalasafn Íslands
21. desember 2004

Benedikt Jónsson


Fylgiskjal 2

Aðsókn að skjaladagsvef 11.11. – 01.12.2004
Síðuflettingar

Efnisatriði	Síðuflettingar		Hlutfall
Forsíða	1.653		11,0%
Um skjaladaginn	591		3,9%
Fróðleikur	7.304		48,7%
– Fróðleikur		791	
– Annáll		5.061	
– Um skjalasöfnin		236	
– Spurt & svarað		577	
– Sögur af söfnum		639	
Getraun	2.780		18,5%
Skjalasöfnin	2.362		15,7%
– Þjóðskjalasafn Íslands		652	
– Borgarskjalasafn Reykjavíkur		605	
– Héraðsskjalasafn Kópavogs		224	
– Héraðsskjalasafnið á Akureyri		198	
– Héraðsskjalasafn Svarfdæla		120	
– Önnur söfn		107	
– Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja		85	
– Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar		84	
– Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar		74	
– Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu		53	
– Héraðsskjalasafn Ísfirðinga		31	
– Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga		24	
– Héraðsskjalasafn Skagfirðinga		19	
– Héraðsskjalasafn Siglufjarðar		13	
– Héraðsskjalasafn Akranesskaupstaðar		11	
– Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu		11	
– Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu		11	
– Héraðsskjalasafn Austfirðinga		10	
– Héraðsskjalasafn Árnesinga		10	
– Héraðsskjalasafn Dalasýslu		7	
– Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar		7	
– Héraðsskjalasafn Þingeyinga		6	
Annað	315		2,1%
Samtals	15.005		100,0%


Aðsókn að skjaladagsvef 11.11. – 01.12.2004 Yfirlitsmyndir

Aðsókn eftir efnisflokkum



■ Forsíða ■ Um skjaladaginn □ Fróðleikur □ Getraun ■ Skjalasöfnin ■ Annað

Aðsókn eftir dögum



Aðsókn að skjaladagsvef 11.11. – 01.12.2004
Tilvísanir, flettingar, innlit, notendur

Tilvísandi lén

Lén	Fjöldi	Hlutfall
mbl.is	307	64,0%
google.com	50	10,4%
leit.is	35	7,3%
skjalasafn.is	20	4,2%
rvk.is	20	4,2%
dalvik.is	10	2,1%
archives.is	6	1,3%
lokalarkiver.dk	4	0,8%
google.dk	3	0,6%
akureyri.is	3	0,6%
google.se	2	0,4%
selnes.is	2	0,4%
reykjavik.is	2	0,4%
google.co.uk	2	0,4%
lu.se	1	0,2%
skrin.is	1	0,2%
kaninka.net	1	0,2%
simnet.is	1	0,2%
mr.is	1	0,2%
mk.is	1	0,2%
google.de	1	0,2%
google.co.hu	1	0,2%
google.nl	1	0,2%
holar.is	1	0,2%
vortex.is	1	0,2%
google.fi	1	0,2%
natmus.is	1	0,2%
google.lt	1	0,2%
Samtals:	480	100,0%

Flettingar, innlit, notendur



Dagur	Flettingar	Innlit	Notendur
11.11	2.400	231	192
12.11	2.621	210	186
13.11	1.665	127	111
14.11	1.339	107	98
15.11	485	57	47
16.11	628	38	26
17.11	76	16	16
18.11	53	7	7
19.11	8	4	3
20.11	3	1	1
21.11	29	3	3
22.11	161	22	21
23.11	66	18	18
24.11	48	15	14
25.11	93	14	14
26.11	170	9	9
27.11	19	4	4
28.11	230	13	11
29.11	209	14	13
30.11	545	38	33
01.12	4.399	259	211
Samtals:	15.247	1.207	1.038

Hinn dæmigerði gestur


Hinn dæmigerði gestur á vef skjaladagsins notaði Internet Explorer á PC tölvu með Windows XP stýrikerfi, með stuðning við JavaScript og Flash. Skjárinn á tölvunni hans var með upplausnina 1024 x 768 og litadýpt 32.

Hinn dæmigerði gestur kom inn á vef skjaladagsins frá **mbl.is** og skoðaði a.m.k. forsiðuna, annálinn og tók þátt í getrauninni. Miklar líkur eru á að hann hafi einnig skoðað einhverjar af vefsíðum skjalasafnanna.


Aðsókn að skjaladagsvef 11.11. – 01.12.2004 Tækni



Stuðningur við JavaScript



Stuðningur við Flash



Fylgiskjal 3: Aðsendar myndir frá skjaladeginum



Mynd 1



Mynd 4




Mynd 2



Mynd 5



Mynd 3



Mynd 6

Mynd 1 er frá sýningu Borgarskjalasafns í Kringlunni í Reykjavík.

Myndir 2 og 3 eru frá sýningu Héraðs-skjalasafnsins á Akureyri.

Mynd 4 er frá Héraðsskjalasafni Svarfdæla á Dalvík.

Myndir 5 og 6 eru frá sýningu Héraðs-skjalasafnsins á Akureyri.



Mynd 1



Mynd 3




Mynd 2



Mynd 4

Myndir 1 – 4 eru frá sýningu Héraðsskjalasafns Vestmannaeyja í anddyri Safnahúss.

Fylgiskjal 4: Myndir frá afhendingu verðlauna



Daníel Björnsson, Múlavegi 41, á Seyðisfirði, sem fékk fyrstu verðlaun, ásamt verðlaunabókinni.




Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður, afhendir Ólafi Gunnarssyni, Baughúsum 24, Reykjavík, önnur verðlaun.



Jóna Símonía Bjarnadóttir, skjalavörður á Ísafirði, afhendir Jóni Tryggva Sveinssyni, Sundstræti 41, Ísafirði, þriðju verðlaun.

Fylgiskjal 5: Sýnishorn viðurkenningar fyrir þátttöku í getraun skjaladagsins



Fylgiskjal 6: Sýnishorn greina sem birtust í blöðum

Árið 1974 skjalfest og haft til sýnis

Skjöl verða til í daglegu lífi einstaklinga og þjóðar. Þau eru heimild um tiltekna atburði, tímaseið og menn. Þau eru þannig forsenda fyrir sögur og móta skilning okkar á sögunni. Mikilvægi þess að varðveita fortdó okkar í skjölum er augljóst og það minna hin opinberu skjalasöfn á hinum árlaga norræna skjaladegi sem haldinn er í dag.

Hin stóðuga nauðsyn á að „þýða“ skjalasöfn að nýju, þó þegar sé búið að „þýða“ þau, í þeim anda sem franskri heimspekingurinn Jacques Derrida boðaði, felst trúlegast í því að skjalasöfn er hægt að rannsaka út í hið óendanlega. Ávallt er hægt finna nýjar hlíðar á fyrirgjagandi gögnum. Það fer eftir samhenginu sem þau eru sett í hverju sinni, eftir því hvaða ár eða jafnvel hvaða mánuð leit-in fer fram, hver leitast og hvers vegna. Þau eru botnlaus uppspretta þekkingar.

Frá Gljúfrasteini til Þingvalla

Þjóðskjalasöfn Íslands er skjalasöfn hinnar opinberu stjórnsýslu en varðveitt jafnframt Efir Eirík G. Guðmundsson skjöl einstaklinga, fyrirtækja og félaga sem hafa falið því að geyma skjöl sín til frambóðar.

Lögum samkvæmt er öllum stofnunum ríkisins, fyrirtækjum, félögum sem njóta opinberra styrkja og öllum embættum skylt að skila til safnsins skjölum sínum sem orðin eru 30 ára gömul. Þessir aðilar eru nú um 1000 talsins. Á sama hátt er sveitarfélögum skylt að varðveita skjöl sín og afhenda þau Þjóðskjalasafni til varðveislu, nema þau reki héraðsskjalasöfn sem annað þá þetta hlutverk.

varoventur í geymslum íþroppsáansins, sem þýðir að væru þær hollur lagðar saman á endunum myndu þær t.d. ná á giska frá Gljúfrasteini að Þingvöllum. Í Borgarskjalasafni Reykjavíkur og hinum mörgu héraðsskjalasöfnum landsins eru svo nærri 10 hilkulómétrar af skjölum til viðbótar.

Það er m.a. vegna skilaskýldunnar, sem bundin er við þjáttu ár, að ákveðið var að helga norræna skjaladaginn því herrans ári 1974. Kjörord Norræna skjaladagsins að þessu sinni er því „Ár í skjölum – Árið 1974“.

Norrænn skjaladagurinn hefur verið árviss viðburður, annan laugardag í nóvember, síðan árið 2001. Annað hvert ár er sameiginlegt þema hjá öllum aðildarsöfnum á Norðurlöndunum. Þess á milli ákveður hvert land sína tilhögun.

Ekki tæka til héraðsskjalasöfn landsins þótt í deginum að þessu sinni en þau sem það gera hafa frjálshandendur um hvernig þau útfæra þetta þema, þ.e. árið 1974, og fer útfærslan vitanlega eftir aðstæðum á hverjum stað. Ekki aðeins draga söfnin ýmsa dýrgrip úr hillum sínum, heldur minna hina opinberu aðila á að nú er tímabært að afhenda söfnum skjöl yfir þriðjung. Einkaaðilar, einstaklingar, fyrirtæki og félög ættu líka að hugleifa hvort skjöl þeirra eigi erindi við framtíðina með því að þau séu trygglega varðveitt í næsta héraðsskjalasafni eða Þjóðskjalasafni.

Opnun hringvegjarinn

Þegar eitt ákveðið ár í sögunni er tekið fyrir með þessum hætti, áf sem virðist nýliðið í hugum margra og í órafjarlægð í tíma í hugum annarra, er vitanlega fyrst reynt að meta hvaða atburðir standa upp úr. Að öðrum ódættum virðast tveir atburðir uppflýja þau skilyrði við fyrstu sýn: Þjóðhátíðin sjálf á Þingvöllum, tenging hringvegjarinn með vögsu Skeiðarárbrúar. Í hugum starfsmanna Þjóðskjalasöfn er auðveldt gjöf Nordmanna til Íslands minnisstæð en þeir gáfa Íslendingum ýmis skjöl varðandi Ísland, sem höfuð verið í norskum skjalasöfnum.

Að frumkvæði Jónasar Péturssonar alþingismanns hófst sala hapterættisskjalabréfa voris 1972, en ágöf af því framtaki rann óskiptur til lagningar vegar yfir Skeiðarársand og brúar yfir Skeiðará, þannig að hringvegurinn yrði að veruleika. Hin 14. júlí 1974 vígði Magnús Torfi Ólafsson samgönguráðherra Skeiðarárbrú að vísdóddum fjölda gesta, þar á meðal forsetahjónunum, Halldóri og Kristjáni Eldjárn.



Þessi mynd er tekin á Þingvöllum þegar Þjóðhátíðin fór fram. Hátíðargestir streyma niður Almannaá niður á hátíðarsvæðið.

Ljósmynd/Gunnar B. Adolphson

og fegurð hans í fátækt síne óf.

Þetta eru undir máls vors mikils háttar.
um aldir,
 þú, meggi þad þvalla, ungt og fornt, þú þvalla,
 geymist í sínum hreinleik himintærum
 sem Hávamál og Hallgrímssljóð í senn
 og unna oss þess að eignast orð, sem brú
 þau djúp, er skilja hjörtu og þjóðir heims.

Ljósmynd: Þjóðskjalasafni.

Tómas Guðmundsson skáld flutti ljóð sem hann kallaði Þjóðhátíðarljóð að Þingvöllum 28. júlí 1974. Ljóðið er í skjalasafni Þjóðhátíðarnefndar sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni. Hér er mynd af hluta ljóðsins sem sýnir að höfundur hefur breytt ljóðinu eftir að það var veitt.

Hættum ekki að vera þjóð

„Vér skulum ekki nota 1100 ára afmæli byggðar á Íslandi til þess að hætta að vera þjóð,“ sagði formaður Þjóðhátíðarnefndar árið 1974, Matthías Johannessen, ritstjóri Morgunblaðsins. Þetta var andvarð hans við hugmyndum um að halda eingöngu héraðshátíðir til að minnast afmælisins en ekki stórhátíð á Þingvöllum, á þeim forsendum að ýmis gátandi á borð við Vestmannaeyjagöngu voru nýliðið og því ekkert tilefni til hátíðarhalda. Þjóðhátíðin á Þingvöllum þjónaði þeim tilgangi að styrkja þjóðernisvitund Íslendinga og minna landsmenn, ekki síst þá yngri, á menningararf sínu, að hann þarf aðist viðhalds og varðveislu um „aldir aldar“.

Hátíðarhöldin á Þingvöllum voru sunnudaginn 28. júlí. Áætlað hefur verið að á milli 55 og 60 þúsund manns hafi skundað til Þingvalla af þessu tilefni eða ríflega fjórhundug þjóðarinnar. Höfuð aðrei fleiri Íslendingar safnast saman í einu. Veðurguðirnir voru einstaklega skapgóðir við þetta tækifæri. Fundur var settur í sameinuðu Alþingi á

Lögbergi klukkan 11 árdegis og samþykkti þingheimur með 60 samhljóða atkvæðum að verja á næstu fjórum árum einum milljarði króna til gróðurverndar. Að loknum þingfundinum var matarhlé en síðan hófst hátíðardagskrá á Efirvöllum, sem stóð fram undir kvöld. Halldór Laxness flutti ávarp og Tómas Guðmundsson flutti hátíðarljóð sitt. Forseti Íslands og ýmsir framamenn og gestir erlendra ríkja fluttu árnáðarskir.

Stjórnmálaátök

Á vettvangi stjórnmálanna var líf og fjör. Í mai sprakk vinstri stjórni Ólafs Jóhannessonar, stundum kölluð Ólafía, með látum þegar Ólafur bar fram frumvarp sem gerði ráð fyrir að frysta vísitöluhækkun launa. Samtök frjálslyndra og vinstri manna hattu þá að styðja ríkisstjórnina. Þing var rífið og efnt til kosningu 30. júní. Eftir þingröf sagði Hannibal Valdimarsson af sér formennsku í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna og lýsti síðan yfir stúðningi við Alþýðuflokkinn. Ríkisstjórn Ólafs baðst lausnar í júlí og í ágústlok tók ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsókn-

arflokks við völdum undir forseti Geirs Hallgrímssonar.

um auðuga nro og þau sáu nason rono yjar að útfærsla landhelginnar í 50 millur hafði verið úrskurðað ólögleg hjá alþjóðadómstólum í Haag. Þá var slæm afkoma í sjávarútvegi. Ein fyrsta yfirlýsing stjórnarinnar var að landhelgi Íslands yrði stækkuð í 200 millur á árinu 1975.

Konungur, Kjarval og fleiri

Af öðrum atburðum ársins má nefna að í júní kom Ólafur V. Noregskonungur í opinbera heimskón til Íslands og Birgir Ísleifur Gunnarsson var kjörinn borgarstjóri í Reykjavík. Kjarvalshús á Seltjarnarnesi var reist til að vera bústaður listmálarans Jóhannesar Kjarvals, en hann vildi ekki búa þar. Húsið var því tekið til notkunar fyrir fötluð börn. Ýmsir merkisámen létust á árinu, þar á meðal Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson. Þá var Auður Eir Vilhjálmadóttir vígð prestur til Suðureyrar, fyrst kvenna sem tókur prestsvígslu á Íslandi.

Árið 1974 var viðburðaríkt ár, sem skjalasöfn landsins munu reyna að gera skil hvert með sínum hætti. Þjóðskjalasafni Íslands verður með sýningu í lestrarösl safnsins á Laugavegi 102 á skjölum er tengjast Þjóðhátíðinni, skjalagjöf Norðmanna og opnun hringvegjarinn. Borgarskjalasafni Reykjavíkur sýnir í Kringlunni skjöl tengd júlunum 1974, m.a. jólakort. Héraðsskjalasafni Kópavogs, Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar, Héraðsskjalasafni Akureyri, Héraðsskjalasafni Borgarfjarðar, Héraðsskjalasafni Eiríkringar, Héraðsskjalasafni Vestur-Húnavatnssýslu, Héraðsskjalasafni Siglufjarðar, Héraðsskjalasafni Svarfaðla og Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja verða öll með sýningar er tengjast árinu 1974 með því að fara inn á heimasíðu dagsins, www.skjaladagur.is. Þar er talsverðan fróðleik að finna um söfnin, um árið 1974 og skjölum sem varðveita þetta herrans ár.

TENGLAR

www.skjaladagur.is

Höfundur er sviðsstjóri uppþvinga- og útgáfusviðs Þjóðskjalasöfn Íslands.

Skjalasafn – átt þú erindi þangað?

Svanhildur Bogadóttir minnir á Norrænan skjaladag, 13. nóvember

ENNPÁ eru þess dæmi að maður hitti fólk sem hefur gömlu ranghugmyndirnar um skjalasöfn, að þau séu gamaldags þunglamalegar stofnanir, þar sem gamlir tóbakskarlar sitji í þungu rykugu lofti við skrifitir og starfsmennirnir séu fornfálegir sérvitringar.

Kannski hefur þessi ímynd einhvern tímann verið til, alveg í gamla, gamladaga. Í dag eru skjalasöfn ríkis og sveitarfélaga flest nútímalegar opinberar stofnanir sem keppast við að bjóða góða og skjóta þjónustu fyrir almenning, fræðimenn og stofnanir. Sifjell eru gerðar meiri faglegar kröfur til skjalasafnanna, verksvið þeirra hefur víkkað og starfsmenn þeirra eru sér meðvitandi um að starf þeirra út á við er ekki síður mikilvægt en vandað innra starf.

Til hvers skjalasöfn?

Eitt af héraðs-skjalasöfnum er Borgarskjalasafn Reykjavíkur og er það rekið af Reykjavíkurborg. Safnið varðveitir eldri skjöl borgarstofnana, leiðbeinir og hefur eftirlit með skjalastjórn þeirra og tekur ákvarðanir um eyðingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita, í samræmi við gildandi reglur. Safnið tekur einnig til varðveislu skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja og aðrar heimildir sem varpa ljósi á sögu Reykjavíkur og Reykvíkinga.

Fólki er ekki alltaf ljós munurinn á skjali og prentuðu efni. Meginmunurinn er sá að skjalið er yfirleitt einungis til í einu eintaki en prentað efni í fjölda eintaka. Skjalið er því oft einstakt og verður ekki bætt ef það tapast. Skjal getur verið sendibréf, dagbók, tölvupóstur, ljósmynd, bókhald, póstkort og svo mætti lengi telja. Bækur og dagblöð teljast ekki til skjala.

Af hverju geyma skjöl?

Opinberum stofnunum er óheimilt að eyða nokkru skjali án þess að skrifleg heimild liggi fyrir þar um frá Þjóðskjalasafni eða viðkomandi héraðsskjalasafni. Þetta er til að tryggja að skjölum sé ekki eytt handahófskennt, heldur sé búið að taka formlega ákvörðun um að þau hafi ekki gildi til framtíðar, því skjöl eru geymd af margvíslegum ástæðum.

Skjöl Reykjavíkurborgar eru einkum varðveitt af því að þau hafa lagalegt, fjárhagslegt eða sögulegt gildi. Skjöl eru oft varðveitt þar sem þau hafa að geyma upplýsingar varðandi réttindi Reykvíkinga eða fjalla um líf þeirra. Dæmi um það eru skjöl um hús og lóðir, einkunnir, bekkjarlistar, skattframtöl og skjöl Barnaverndarnefndar. Einkaskjalasöfn veita sömuleiðis ómetanlegar og fjölbreyttar upplýsingar um sögu og mannlíf borgarinnar.



Svanhildur Bogadóttir

Skjalasöfnin í landinu eru fjársjóður heimilda og upplýsinga sem biða þess að verða dregnar fram í dagsljósið.

Hverjir eiga erindi á Borgarskjalasafn?

Öllum er heimill aðgangur að safninu og aðstoða starfsmenn gesti við að finna upplýsingar og heimildir. Aðgangur fer eftir Upplýsingalögum, Stjórnsýslulögum eða öðrum lögum sem kunna að gilda. Almennir eru skjöl sveitarfélaganna opin en fyrst og fremst eru lokað skjöl sem hafa að geyma trúnaðarupplýsingar um einkamálefni einstaklinga eða fjárhagsmálefni fyrirtækja.

Almenningur sækir safnið í vaxandi mæli og vinsælustu skjölin eru þau sem tengjast fólkinu sjálfu, svo sem upplýsingar um hús og íbúa þess. Á vef safnsins www.borgarskjalasafn.is

eru birtar skjalaskrár og upplýsingar um vinsælustu skjalaflokkana.


Árið 1974 séð í skjölum

Í dag taka Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn um land allt þátt í Norrænum skjaladegi. Þema dagsins er árið 1974 séð í skjölum og er það fjölbreytt mynd af árinu sem safnkostur skjalasafnanna sýnir.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur opnar sýningu í Kringlunni laugardaginn þar sem sýnd verða skjöl tengd jólahaldi landsmanna og sérstaklega fjallað um jólin 1974. M.a. verða sýnd jólakort frá ýmsum tímum. Borgarskjalasafnið mun sömuleiðis kynna starfsemi sína með textum og ljósmyndum og fjalla um hvað var að gerast í Reykjavík árið 1974. Sýningin í Kringlunni mun standa út nóvember. Borgarskjalasafnið tekur einnig þátt í sýningu á vefnum www.skjaladagur.is.

Skjalasöfnin í landinu eru fjársjóður heimilda og upplýsinga sem biða þess að verða dregnar fram í dagsljósið.

Höfundur er borgarskjalavörður í Reykjavík.



Græna byltingin – hugmynd sjálfstæðismanna um þá áætlun að láta græn svæði njóta sín í borginni í stað steinsteypu og stuðla þannig að útivist.

Skjaladagurinn um allt land

NORRÆNN skjaladagur er haldinn hátíðlegur í dag, en tilgangur hans er að vekja athygli á safnkosti og þjónustu skjalasafna á landinu. Á skjalasöfnum er hægt að finna mjög fjölbreyttar heimildir um liðna tíð, bæði hvað varðar lífshætti, ákvarðanir sem teknar hafa verið í opinberri stjórnsýslu og ýmsa þætti hversdagslífsins.

Í tilefni dagsins hefur verið opnuð vefsíðan www.skjaladagur.is, þar sem almenningur getur nálgast fróðleik um söfn auk þess sem þar er að finna netsýningu sem haldin er á íslensku safni. Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður segir margt fróðlegt mega finna á þessari nýstárlegu sýningu, sem fjallar um minnisverða atburði árið 1974. „Meðal annars er þar að finna ljósmyndir frá þessu ári og athyglisverð skjöl um ýmis umfjöllunarefni,“ segir Svanhildur. „Til dæmis eru þarna skjöl um vígslu Skeiðarárbrúarinnar, þjóðhátíðarhöldin,

komu Noregskonungs og borgarstjórnarkosningarnar.

Borgarskjalasafnið ákvað einnig að koma með sýningu út til fólksins og verður með sýningu í Kringlunni af þessu tilefni. Hún opnar samhliða Kringlunni kl. 10 og stendur út nóvember. Þar er annars vegar að finna jólakort og skjöl tengd jóluunum, t.d. bréf til jólasveinsins og einnig önnur skjöl tengd árinu 1974.“

Einkaaðilar, einstaklingar, fyrirtæki og félög eru hvött til að hugleiða hvort skjöl þeirra eigi erindi inn á opinbert skjalasafn þar sem þau verða tryggilega varðveitt og aðgengileg um alla framtíð.

Þjóðskjalasafnið verður einnig með sýningu í lestrarsal sínum að Laugavegi 162, en hún er opin í dag frá 11-15. Þar verða einnig sýnd skjöl tengd árinu 1974, m.a. um landhelgisdeiluna og opnun hringvegarins. Þá munu héraðsskjalasöfn um land allt taka þátt í deginum.

Árið 1974 í skjölum

Skjalasöfn á öllum Norðurlöndunum halda upp á norræna skjaladaginn í dag og kynna þá sérstaklega safnkost og þjónustu safnanna. Á Íslandi munu Þjóðskjalasafn Íslands, Borgarskjalasafn Reykjavíkur og héraðsskjalasöfn um land allt taka þátt í deginum, auk þess hefur verið opnaður sérstakur vefur, skjaladagur.is.

Í ár var ákveðið að norræni skjaladagurinn hér á landi skyldi heiðaður einu tiltektu ári í sögu þjóðarinnar. Fyrir valinu varð árið 1974 en það var viðburðaríkt ár og minnisstætt fyrir margra hluta sakir. Hæst ber að þetta sumar var 1100 ára byggðar í landinu minnst með miklum há-

tiðahöldum um land allt. Þá má nefna að miklu samgönguátaki lauk með því að hringvegurinn var opnaður með vigslu Skeiðarárbrúar. Starfsmönnum skjalasafnanna er kært að minnst þess að þetta ár gáfu Norðmenn Íslendingum tvær veglegar skjalaöskjur með skjölum varðandi málefni okkar. Þá eru ótaldir viðburðir af vettvangi stjórnmálanna, stjórnarslit og kosningar. Landhelgisráðið var í algleymingi og margt bar til tíðinda.

Einkaaðilar, einstaklingar, fyrirtæki og félag eru á þessum degi hvött til að hugleða hvort skjöl þeirra eigi erindi inn á opinbert skjalasafn þar sem þau verða tryggilega varðveitt og að-



A VEGUM ÚTI Fjötskylda á ferðalagi árið 1974. Ljósmyndir eru langalgengustu skjölin sem almenningur á Íslandi sánum.

gengileg um alla framtíð. Þá er fólk eindregið hvött til að heimsækja þau söfn sem hafa opið eða

rifja upp minningar frá árinu 1974 með því að fara inn á heimasíðu dagsins. ■

Skjaladagurinn 2004

Þjóðskjalasafn Íslands verður með sýningu í lestraral safnsins á Laugavegi 162 á skjölum er tengjast þjóðhátíðinni, skjalagjöf Norðmanna og opnun hringveg-arins. Sýningin er opin á skjaladaginn 13. nóvember frá klukkan 11 til 15 en eftir það mánudaga til fimmtudaga klukkan 10-18 og föstudaga klukkan 10-14. Borgarskjalasafn Reykjavíkur opnar sýningu á 2. hæð Kringlunnar laugardaginn 13. nóvember þar sem sýnd verða skjöl tengd fjólahaldi landsmanna og sérstaklega er fjallað um júlín 1974. Borgarskjalasafnið mun einnig kynna starfsemi sína með textum og ljósmyndum og fjalla um hvað var að gerast í Reykjavík árið 1974.

Frá Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja:

Árið 1974 - ár í skjölum, Hvar eru skjölin?

Laugardaginn 13. nóvember verður Norræni skjaladagurinn haldinn hátíðlegur um öll Norðurlönd. Í ár eru 30 ár frá árinu 1974, en það ár var haldið upp á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Að því tilefni hafa Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfnin ákveðið að þessa dagsins skuli vera, árið 1974 - ár í sögu sveitarfélagsþjóðar.

Þar sem 30 ár eru liðin frá árinu 1974 og skilaskylda skjala miðast við 30 ár þykir við hæfi að minna á nauðsyn þess að varðveita sögulegar minjar um þetta merkilega ár sem við minnumst fyrst og fremst fyrir öflugt uppbyggingarstarf eftir eldgosíð 1973, en árið er skólabókardæmi um það hverju Vestmannaeyingar fá áorkað ef

Vestmannaeyingar eru hvattir til þess að fara gaumgæfilega í gegnum skjalahrúgurnar sem safnast hafa upp á heimilum, hjá félögum, stofnunum og fyrirtækjum úti í bæ. Einhvers staðar í hrúgunni gæti leynst eitthvað spennandi sem fengur væri í fyrir safnið að varðveita.

á móti blæs. Við getum þetta alveg ef við bara viljum.

Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja auglýsir hér með eftir skjalagögnun frá árinu 1974. Vestmannaeyingar eru hvattir til þess að fara gaumgæfilega í gegnum skjalahrúgurnar sem safnast hafa upp á heimilum, hjá félögum, stofnunum og fyrirtækjum úti í bæ. Einhvers staðar í hrúgunni gæti leynst eitthvað spennandi sem fengur væri í fyrir safnið að varðveita. Þetta má vera næstum því hvað sem er, póstkort, bréf, handrit, ýmsir persónulegir pappírar, t.d. gömul skiltíki, vottorð, skirteini, fundargerðir, dagbækur, bókhald og svo mætti lengi telja. Tekið skal fram að hægt er að afhenda skjöl til héraðsskjalasafnsins með

þeim skilyrðum að þau séu innsiglið og lokað til ákveðins árafjöldu, t.d. í 30 ár.

Það er velkomið að hafa samband við skjalavörð í Safnahúsinu, í símu 481-3194 eða á tölvupóstfanginu jonah@vestmannaeyjar.is með fyrirspurnir og annað sem ykkur liggur á hjarta.

Norræni skjaladagurinn tengist þetta árið nótt safnanna, sem haldin verður á laugardaginn kemur þann 13. nóvember. Safnahísið verður opið þennan dag frá kl. 13.00 - 21.00. Héraðsskjalasafnið verður með sýningu á skjölum er tengjast árinu 1974 í andynri hússins. Við vonumst til þess að sjá sem flesta.

Héraðsskjalavörður


Ég veit þau ekki, þú veit kannski bara gaman að kíkja á eitthvað af því sem verður í gangi.



NÓTT

safnanna

Laugardaginn 13. nóvember



Dagskrá verður sem hér segir:

Á Bókasafni Vestm. er Norræna bókasafnsvikan frá 8. nóv. til 14. nóv. og tengist Nótt safnanna því.

Kl. 14.00 á laugardegnum verður sérstök dagskrá í Bókasafninu þar sem Skólalúðrasveitin mun leika, Árni Johnsen mun lesa upp úr væntanlegri bók. Úlfar Þormóðsson les upp úr nýútkominni bók sinni.

Norræni skjaladagurinn er þennan dag og af því tilefni verður sýning frá Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja í anddyri Safnahúss. Þema sýningarinnar er árið 1974.

Á Listasafni Vestmannaeyja verður síðasta sýningarhelgi á verkum Júlíönu Sveinsdóttur.

Kl. 16.30 Helgistund í Stafkirkjunni, Séra Þorvaldur Víðisson.

Kl. 17.00 Í ljósaskiptunum á Skanssvæðinu. Arnar Sigurmundsson segja frá atburðum og mannvirkjum sem tengjast Skanssvæðinu.

Félagar úr Lúðrasveit Vestmannaeyja sjá um undirleik.


Kaffi Skans verður einnig opið þennan eftirmiðdag.

Kl. 20.00 Sögur og tónlist úr gosinu á Byggðasafninu, Andrés Sigmundsson rifjar upp viðburði frá því í gosinu og er ekki

fimmtudagur 11. nóvember

Frá Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja
Árið 1974 - ár í skjölum.

Hvar eru skjölin?



Laugardaginn 13. nóvember verður Norræni skjaladagurinn haldinn hátíðlegur um öll Norðurlönd. Í ár eru 30 ár frá árinu 1974, en það ár var haldið upp á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Að því tilefni hafa Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfnin ákveðið að þema dagsins skuli vera, árið 1974 - ár í sögu sveitarfélags/þjóðar.

Þar sem 30 ár eru liðin frá árinu 1974 og skilaskylda skjala miðast við 30 ár þykir við hæfi að minna á nauðsyn þess að varðveita sögulegar minjar um þetta merkilega ár sem við minnumst fyrst og fremst fyrir öflugt uppbyggingarstarf eftir eldgosið 1973, en árið er skólabókardæmi um það hverju Vestmannaeyingar fá áorkað ef á móti blæs. Við getum þetta alveg ef við bara viljum.

Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja auglýsir hér með eftir skjalagögnum frá árinu 1974. Vestmannaeyingar eru hvattir til þess að fara gaumgæfilega í gegnum skjalahrúgurnar sem safnast hafa upp á heimilum, hjá félögum, stofnunum og fyrirtækjum úti í bæ. Einhvers staðar í hrúgunni gæti leynst eitthvað spennandi sem fengur væri í fyrir safnið að varðveita. Þetta má vera næstum því hvað sem er, póstkort, bréf, handrit, ýmsir persónulegir pappírar, t.d. gömul skilríki, vottorð,

Einhvers staðar í hrúgunni gæti leynst eitthvað spennandi sem fengur væri fyrir safnið

skírteini, fundargerðir, dagbækur, bókhald og svo mætti lengi telja. Tekið skal fram að hægt er að afhenda skjöl til héraðsskjalasafnsins með þeim skilyrðum að þau séu innsiglið og lokuð til ákveðins árafjölda. t.d. í 30 ár.

Það er velkomið að hafa samband við skjalavörð í Safnahúsinu, í síma 481-3194 eða á tölvupóstfanginu jonab@vestmannaeyjar.is með fyrirsurnir og annað sem ykkur liggur á hjarta.

Norræni skjaladagurinn tengist þetta árið nótt safnanna, sem haldin verður á laugardaginn kemur þann 13. nóvember. Safnahúsið verður opið þennan dag frá kl. 13.00 - 21.00. Héraðsskjalasafnið verður með sýningu á skjölum er tengjast árinu 1974 í andyri hússins. Við vonumst til þess að sjá sem flesta. (Frá Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja)



Hér er Aðalbjörg Sigmarsdóttir héraðsskjalavörður að taka á móti skjölum frá Ástu M. Ásmundsdóttur ritara Léttis, en á bak við þær sést grilla í skjölin.

Mynd: Lára Ágústa

Ár í skjölum – 1974

Frá árinu 2001 hafa skjalasöfn á Norðurlöndum sameinast um kynningardag annan laugardag í nóvember. Kynning safnanna hefur verið með ólíkum hætti. Annað hvert ár er þemað sameiginlegt fyrir öll Norðurlöndin en hitt árið ákveður hvert land fyrir sig efnið. Nú var árið 1974 tekið fyrir á Íslandi.

Í Héraðsskjalasafninu á Akureyri var opnuð var sýning á skjölum, myndum og munum sem tengjast árinu 1974 í anddyri hússins. Þá voru dregin fram sýnishorn af skjölum sem tengjast því sem var að gerast á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu þetta ár í daglegu lífi, svo sem í tónlist, leiklist, plötuútgáfu, bókaútgáfu, kvikmyndum og íþróttum. Einnig var sýnd heimildamynd sem Vilhjálmur Knudsen gerði um Akureyri á árunum 1973 til 1975.

Ásta M. Ásmundsdóttir ritari Hestamannafélagsins Léttis kom færandi hendi og afhenti skjöl úr starfi félagsins. Skjöl þessi bættast við þau sem þegar voru komin frá félaginu en núna eru skjöl frá 249 félögum varðveitt á safninu. „Héraðsskjalasafnið tekur einnig til varðveislu skjöl einstaklinga og fyrirtækja á safnsvæðinu enda veita einkaskjöl ómetanlegar upplýsingar um sögu og mannlíf og sýna okkur fjölbreytta mynd af fortíðinni,“ sagði Lára Ágústa Ólafsdóttir, skjalavörður á Héraðsskjalasafninu, í samtali við Vikudag og bætti við að með kynningardegi sem þessum vilji starfsfólk skjalasafna vekja athygli á starfsemi sinni og hlutverki þeirra fyrir menningu og sögu byggðarinnar á safnsvæðinu.

ÁÖH

Norrænn skjaladagur

Frá því árið 2001 hafa opinber skjalasöfn á Norðurlöndum sameinast um kynningardag annan laugardag í nóvember, sem að þessu sinni ber upp á 13. Kynning safnanna hefur verið með ólíkum hætti en sú hefð hefur skapast að unnið er út frá ákveðnu þema. Að þessu sinni er árið 1974 tekið fyrir á Íslandi.

Héraðsskjalasafnið, sem er staðsett í Amtsbókasafninu, verður opið frá kl. 12 til 17. Sýning verður á skjölum,

myndum og munum sem tengjast árinu 1974 í anddyri hússins og mun hún standa í eina viku.

Félagar úr hestamannafélaginu Létti mæta á svæðið og afhenda skjöl frá félaginu til varðveislu og jafnvel munu fleiri aðilar gera slíkt hið sama. Þar sem árið 1974 er þema dagsins þá vilja skjalaverðir koma á framfæri að 30 ára skjöl séu mjög velkomin á skjalasafnið til varðveislu. ÁÖH

AKUREYRI

Skjaladagur | Norræni skjaladagurinn er á morgun, laugardag, 13. nóvember og er þema hans árið 1974. Héraðsskjalasafnið á Akureyri verður opið frá kl. 12 til 17 og þar verður sýning á skjölum, myndum og munum sem tengjast árinu 1974 í anddyri hússins og mun hún standa í eina viku. Dregin verða fram sýnishorn af skjölum sem tengjast því sem var að gerast á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu þetta ár í daglegu lífi, svo sem í tónlist, leiklist, plötuútgáfu, bókaútgáfu, kvikmyndum og íþróttum. Rifjaðar verða upp framkvæmdir og framfarir og síðast en ekki síst sýnt ýmislegt sem tengist Þjóðhátíð Eyfirðinga í Kjarnaskógi. Einnig verður sýnd af myndbandi heimildamynd sem Vilhjálmur Knudsen gerði um Akureyri á árunum 1973–1975.

Fylgiskjal 7: Veggspjald skjaladagsins 2004

Á r í s k j ö l u m

Árið 1974

Norrænn skjaladagur 13. nóvember 2004



Þjóðhátíð í Reykjavík



17. JÚNÍ 1974

DAGSKRÁ

OPNUN HIRINGVEGAR 14. JÚLÍ 1974

8:00	Starfing á Þróðingarskóla
9:00-10:00	Flug Átt. Reykjavík til Fagradalsmatar
10:00-12:00	Meðgætt með Stafrættisráð og heimsókn
12:00-12:30	Meðgætt
13:30-14:00	Opnun veislu
14:00-14:15	Stöð
14:15-14:45	Stærktíð fjölskyldu og barna
15:00-16:00	Stöð til Fátækra í Þessalíði
16:00-17:00	Stærktíð og Veisla
17:00-17:30	Stöð á Skopvogi
18:00-19:00	Flug Átt. Reykjavík

Þjóðskjalasafn Íslands 2004

Þjóðskjalasafn Íslands
Borgarskjalasafn Reykjavíkur
Háskjalasafnin

www.skjaladagur.is



LANDNÁMESHÁTÍÐ
ÁRNESINGA 1974



Listahátíð í Reykjavík 1974

MARKAÐUR 13. NOV. KL. 21:00

KVÓLISTUND MEG:
 CLEO LAINE
 JOHN DANKWORTH
 ANDRE PREVIN
 ARNA EIGLSSYNI
 ÁSAMNT TONY HYMASSE,
 ROY JONES OG
 DARYL RUNSWICK

STÆÐI
 VEISLA KL. 19:00

Listahátíð í Reykjavík 1974

Nr. 102

AUGUST STRINDBERG